

Fáguð glerlist á Kjarvalsstöðum

Meðal þess sem fram fór á Kjarvalsstöðum í blaðaverkfallinu, var óvenjulega fáguð glerlistarsýning, sem bar heitið Stefnumót glervina. Þessi listviðburður hefur ugglaustr farið ómaklega fyrir ofan garð og neðan eins og verða vill, þegar blöðin geta ekki gegnt hlutverki sínu.

Að sýningunni stóðu fjórir glerlistamenn: Sigrún Ó. Einarsdóttir og Sören S. Larsen, sem hafa gert garðinn frægan í Bergvík á Kjalarnesi, þar sem þau reka glerblástursverkstæði og eru nú þekkt orðin fyrir framúrskarandi listræna hluti.

Með þeim sýndu tveir danskir glerlistamenn, Tchai Munch og Finn Lynggaard, en hann varð fyrstur manna til að koma á fót litlu glerverkstæði í Danmörku, enda liðlega fimmtugur að aldri og rekur nú verkstæði í Ebeltoft á Jótlandi. Hann hefur og skrifað kennslubækur um keramik og gler.

Tchai Munch er fædd í Danmörku 1954 og er nú aðstoðarmaður Finn Lynggaard. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, víða um lönd. Lynggaard er

Sýning
Sigrúnar Ó.
Einarsdóttur,
Sören Larsens,
Tchai Munch
og Finn
Lynggaards


svo forframaður, að verk hans eru til á 13 söfnum víðsvegar um heiminn, gullverðlaun hans og viðurkenningar eru fjölmargar og í sýningarskrá eru taldar upp 25 samsýningar, sem hann hefur tekið þátt í. Um árabíl hefur hann verið leiðandi afl og einskonar merkisberi studio-glerlistar, ekki bara á Norðurlöndum, heldur um allan heim. Bæði Tchai og Sigrún Ó. Einarsdóttir hafa lært hjá honum.

Sören S. Larsen, sem hefur rekið studio-glerverkstæðið „Gler í Bergvík“ ásamt Sigrúnu, Einars-


dóttur síðan 1982, var þar áður umsjónarkennari keramikdeildar Myndlista- og handiðaskóla Íslands; einnig kenndi hann við Skólen for Brugskunst.

Í sýningarskrá segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur m.a.: „Höfuðeinkenni glersins, gegnsæið, er líkast til sá eiginleiki þess sem mest reynir á þann sem hefur það undir höndum. Glerið er eins og vatnið, sílbreytilegt eftir veðri og vindum, staðsetningu og sjónarhorni. Því þarf sterk bein til að láta ekki þennan eftirgefanlega miðil ráða ferðinni, gefa til kynna bæði allt og ekkert, heldur sveigja hann til hliðni við sérstök listræn markmið, ákveðna skírskotun...“

Og enn fremur: „Gler er stundum talið óhlutlægst, mest afstrakt, allra listmiðla. Í gleri þeirra Sigrúnar og Sörens gætir hins vegar nálægðar náttúrunnar svo ekki verður um villst: öldugangsins í fjöruborðinu, þangsins, blævarins í grasinu, litbrigða Esjunnar og laufsins í kjarrinu. Að hafa glermuni þeirra um hönd er eins og að meðhöndla náttúruleg form, sem sjálfar höfuðskepnar hafa slipað og skolað á land í Bergvík.“



Sigrún Óluf Einarsdóttir:
„Dans“ úr myndröðinni „Fólk“,
1984.



Sören S. Larsen: „Gróska“, 1984.



Finn Lynggaard:
„Technique is cheap“, 1984.



Tchai Munch:
Skál, 1983.